



# ALLiES eGuide

## Pabbahópur

---

### Pabbahópur

Markmiðið með pabbahópnum er að auka þátttöku feðra í uppeldi barna og á sama tíma að skapa vettvang fyrir samskipti feðra í skólanum og til að mynda félagatengsl við aðra feður. Viðburðir eru skipulagðir með það í huga að feður geti hist á óformlegum nótum og gert eitthvað saman og þannig skapað grundvöll fyrir samskiptum. Við höfum tekið eftir að það virðist vera nokkur áskorun fyrir feður að koma til að taka þátt í umræðum sem snerta fjölskyldumál. Þessu höfum við líka tekið eftir í annarri þróun þar sem leitast er eftir þátttöku feðra. Þess vegna er mikilvægt að skilja að þátttaka feðra er ferli sem tekur tíma og það getur verið gott að byrja á verkefnum þar sem allir geta auðveldlega tekið þátt, til dæmis með börnunum. Þegar pabbahóparnir eru komnir af stað gætu þeir hist til dæmis mánaðarlega.

Þegar viðburðir og hópavinna fyrir feður eru skipulagðir er gott að hafa eftirfarandi í huga:

- Byrja á einföldum verkefnum sem allir þekkja. Til dæmis íþróttum eða sameiginlegum morgunverði með börnum og feðrum í skólanum.
- Hvetja hvern föður persónulega að taka þátt í verkefnum.
- Leita áhlits þátttakenda um viðfangsefni.
- Kynna mikilvægi þátttöku feðra í þeirra í hópavinnu, til dæmis á foreldrafundum.
- Veita feðrum upplýsingar um viðburði í skólanum.
- Undirbúa verkefni með myndum eða teikningum af hverju barni og pabba fyrir feðradag og halda sýningu á þeim í skólanum eða á hverfisbókasafni og bjóða feðrum sérstaklega á sýninguna.
- Að bjóða feðrum að taka þátt í daglegu skólalífi, til dæmis með því koma og segja sögur eða segja frá starfi sínu eða áhugamáli.